

Skólaleikrit

BAKKABRÆÐUR

Leikrit byggt á samnefndum þjóðsögum

Yngsta- og miðstig

ÞÓRUNN PÁLSDÓTTIR



NÁMSGAGNASTOFNUN
2011

Persónur:

1. SÖGUMAÐUR 1
2. SÖGUMAÐUR 2
3. SÖGUMAÐUR 3
4. SÖGUMAÐUR 4
5. SÖGUMAÐUR 5
6. SÖGUMAÐUR 6
7. GÍSLI
8. EIRÍKUR
9. HELGI
10. FAÐIR
11. HESTUR-BRÚNKA
12. BISKUP
13. AÐSTOÐARPRESTUR
14. EKKJAN
15. KATTAREIGANDI
16. FUGL – RITA
17. MAÐUR

SVIÐ:

Vinstra megin á hliðarpalli er rúm. (*Heimili Bakkabræðra.*)

Hægra megin á hliðarpalli er ker og þrjár kollar upp við kerid. (*Laugin.*)

Bátur innarlega fyrir miðju sviði.

SÖGUMAÐUR 1:

Fyrir langa löngu bjó bóndi einn á bænum Bakka í Svarfaðardal. Hann átti þrjá syni sem hétu Gísli, Eiríkur og Helgi.

SÖGUMAÐUR 2:

Voru þeir kallaðir Bakkabræður og voru víðfrægir fyrir alls konar heimskupör og kjánaskap.

SÖGUMAÐUR 3:

Nú munum við nemendur í (?) segja ykkur nokkrar sögur af þessum skrytnu og vitgrönnu bræðrum.

SÖGUMAÐUR 4:

Einu sinni reru þeir á sjó með föður sínum til að veiða fisk í soðið. Þeir höfðu fullan kút af mysu með sér.

(GÍSLI, EIRÍKUR OG HELGI birtast í báti ásamt FÖÐUR sínum. Þeir róa.)

FAÐIR (*grípur um magann*):

Æ, Æ, Æ. Mér er svo illt í maganum. Strákar mínir réttið mér nú kútinn. Ég verð að drekka eitthvað.

GÍSLI:

Gísli, Eiríkur, Helgi. Faðir vor kallar kútinn.

EIRÍKUR:

Gísli, Eiríkur, Helgi. Faðir vor kallar kútinn.

HELGI:

Gísli, Eiríkur, Helgi. Faðir vor kallar kútinn.

SÖGUMAÐUR 5:

Á þessu stöguðust þeir lengi dags þangað til karl féll dauður niður.

(FAÐIR stynur og fellur ofan í bátinn.)

SÖGUMAÐUR 6:

Síðan er það haft fyrir máltæki að sá kalli kútinn sem er að deyja.

(Bræðurnir fara út úr bátnum og færa föður sinn til, taka húfurnar ofan og krjúpa yfir honum snöktandi.)

GÍSLI:

Gísli, Eiríkur , Helgi. Við getum ekki borið hann heim. Köllum á Brúngu.

EIRÍKUR:

Já, Gísli, Eiríkur , Helgi. Við getum ekki borið hann. Köllum á Brúngu.

HELGI:

Já, það má nú segja, Gísli, Eiríkur , Helgi. Við getum ekki borið hann. Köllum á Brúngu.

(BRÚNGA kemur og þeir láta karlinn á bakið á Brúngu.)

GÍSLI:

Hott, hott Brúnga mín, þú ratar heim með föður okkar.

EIRÍKUR:

Já, Brúnga mín. Þú ratar heim með föður okkar.

HELGI:

Já, það má nú segja, Brúnga mín. Þú ratar heim með föður okkar.

(BRÚNGA fer með karlinn á bakinu út.)

SÖGUMAÐUR:

Seinna fundu þeir Brúngu berbakaða og bandlausa í högum sínum og vissu þá að hún hefði ratað heim en ekki skyggndust þeir neitt eftir því hvað Brúnga hefði gert af karlinum.

(BRÚNGA kemur einsömul á svið. Bræðurnir fagna henni ákaft.)

SÖGUMAÐUR 2:

Gísli, Eiríkur og Helgi höfðu jörðina Bakka á leigu. Einu sinni sem oftár fóru þeir bræður að greiða ekkjunni, sem átti jörðina, leigu.

(EKKJAN stendur við hús sitt. BRÆÐURNIR ganga til hennar, taka ofan, heilsa henni allir með handabandi og afhenda henni peningana.)

GÍSLI, EIRÍKUR OG HELGI:

Gjörðu svo vel.

EKKJAN:

Þakka ykkur fyrir, Gísli, Eiríkur og Helgi. Má ég ekki bjóða ykkur að gista hjá mér í nótt.

GÍSLI:

Takk fyrir það kona góð.

EIRÍKUR:

Takk fyrir það kona góð.



HELGI:

Takk fyrir það kona góð.

(Þau fara öll inn í húsið.)

SÖGUMAÐUR 3:

Þegar þeir voru búnir að afhenda ekkjunni peningana gistu þeir hjá henni um nóttina.

(EKKJAN vísar bræðrunum inn í bæ.)

Morguninn eftir héldu þeir heimleiðis og áttu langa leið fyrir höndum.

(EKKJAN veifar í kveðjuskyni og BRÆÐURNIR veifa á móti. Þeir ganga svolítið um sviðið, en Gísli stoppar þá.)

GÍSLI:

Já, Gísli – Eiríkur – Helgi, þá man ég það að við báðum ekki konuna að gefa okkur í guðsfriði.

EIRÍKUR:

Já, Gísli – Eiríkur – Helgi, við báðum ekki konuna að gefa okkur í guðsfriði.

HELGI:

Það má nú segja, Gísli – Eiríkur – Helgi, við báðum ekki konuna að gefa okkur í guðsfriði.

(BRÆÐURNIR ganga í hringi um sviðið þangað til þeir koma að bæ ekkjunnar. Þeir banka á dyr og EKKJAN kemur út.)

EKKJAN:

Sælir.

GÍSLI, EIRÍKUR OG HELGI

(einn og einn): Þú gleymdir að gefa okkur í guðsfriði.

EKKJAN

Já, það er satt. Farið í guðs friði. *(Fer.)*

GÍSLI, EIRÍKUR OG HELGI:

Blessuð. *(Veifa til hennar og halda af stað.)*

SÖGUMAÐUR 4:

Héldu þeir svo heimleiðis, en þegar þeir voru komnir á miðja leið mundu þeir enn eftir því að þeir höfðu ekki þakkað ekkjunni fyrir sig og svo að enginn skyldi hlæja að þeim fyrir það að þeir kynnu ekki mannasiði sneru þeir enn aftur, hittu ekkjuna, þökkuðu henni með mestu virktum fyrir sig og fóru svo heim.



(BRÆÐURNIR ganga aðeins um. GÍSLI stoppar þá. Þeir fara aftur til EKKJUNNAR. Hún kemur út úr húsi sínu, þeir þakka fyrir sig með handabandi og fara svo aftur af stað.)

(KATTAREIGANDI kemur með kött í eftirdragi. Þeir ganga að honum.)

GÍSLI (*bendir á köttinn*):

Hvað heitir þetta dýr og til hvers er það haft?

EIRÍKUR:

Já, hvað heitir þetta dýr og til hvers er það haft?

HELGI:

Einmitt, hvað heitir þetta dýr og til hvers er það haft?

KATTAREIGANDI:

Þetta er köttur. Hann drepur mýs og eyðir þeim úr húsum.

GÍSLI:

Stórkostlegt!

EIRÍKUR:

Stórkostlegt!

HELGI:

Stórkostlegt!

GÍSLI:

Er hann til sölu?

EIRÍKUR:

Er hann til sölu?

HELGI

Er hann til sölu?

KATTAREIGANDI (*hugsar sig um*):

Þetta er mjög dýrmætur köttur. Ég sel hann ekki á minna en hundrað þúsund krónur.

GÍSLI:

Gísli, Eiríkur, Helgi. Köttinn verðum við að fá.

EIRÍKUR:

Gísli, Eiríkur, Helgi já, köttinn verðum við að fá.

HELGI:

Einmitt, Gísli, Eiríkur, Helgi. Köttinn verðum við að fá.



GÍSLI:

Við kaupum hann.

EIRÍKUR:

Við kaupum hann.

HELGI:

Við kaupum hann.

(GÍSLI réttir kattareigandanum peningana.)

KATTAREIGANDI (*ánægður*):

Ég þakka kærlega fyrir. (*Gengur áleiðis að dyrunum.*)

GÍSLI (*kallar á eftir manninum*):

Hvað étur kötturinn?

EIRÍKUR:

Já, hvað étur kötturinn?

HELGI:

Einmitt, hvað étur kötturinn?

KATTAREIGANDINN (*kallar á móti*):

Bölvaður kötturinn étur allt.

SÖGUMAÐUR 5:

Bakkabræður héldu nú heimleiðis aftur og veltu vöngum yfir því sem maðurinn hafði sagt.

GÍSLI (*áhyggjufullur*):

Gísli, Eiríkur, Helgi. Bölvaður kötturinn étur allt og hann bróður minn líka.

EIRÍKUR:

Gísli, Eiríkur, Helgi. Já, bölvaður kötturinn étur allt og hann bróður minn líka.

HELGI:

Gísli, Eiríkur, Helgi. Satt er það. Bölvaður kötturinn étur allt og hann bróður minn líka.

SÖGUMAÐUR 6:

Hermdu þeir þetta hver eftir öðrum og urðu dauðskelkaðir, því ekki vildu þeir eiga það á hættu að kisa gæddi sér á þeim sjálfum.

SÖGUMAÐUR 1:

Voru þeir fljótir að losa sig við köttinn og græddu lítið á kattarkaupunum.

(KATTAREIGANDINN kemur inn. Bræðurnir láta hann fá köttinn.)



GÍSLI:

Þú mátt eiga kattarkvikindið.

EIRÍKUR:

Já, þú mátt eiga kattarkvikindið.

HELGI:

Já, þú mátt eiga kattarkvikindið.

(Vegfarandinn tekur við kettinum og fer út.)

(Bræðurnir setjast á rúm, láta neftóbaksbæk ganga sín á milli, taka í nefið og snýta sér svo hressilega á eftir.)

SÖGUMAÐUR 2:

Einu sinni kom Hólabiskup í vísitasíuferð eða eftirlitsferð ásamt aðstoðarpresti að Bakka. Þeir bræður voru heima og bjóða biskupi upp á drykk.

BISKUP:

Hér sé Guð. *(Hann blessar alla.)*

(Bræðurnir bjóða þeim að fá sér sæti. Gestirnir tveir setjast á rúmið.)

GÍSLI:

Má bjóða gestunum upp á rjóma?

EIRÍKUR:

Má bjóða gestunum upp á rjóma?

HELGI:

Má bjóða gestunum upp á rjóma?

BISKUP:

Já, takk. Við ferðalangarnir erum orðnir sárþyrstir.

SÖGUMAÐUR 3:

Bræðurnir áttu ekkert betra ílát til í eigu sinni en nýtt næturgagn. Færðu þeir biskupi því rjóma að drekka úr nýja koppnum.

BISKUP og AÐSTOÐARPRESTUR *(með viðbjóði)*:

Ómögulega. Nei takk.

GÍSLI:

Gíslí, Eiríkur, Helgi, hann vill ekki drekka rjómann hér á Bakka; drekki hann þá hland.

EIRÍKUR:

Gíslí-Eiríkur-Helgi, hann vill ekki drekka rjómann hér á Bakka; drekki hann þá hland.



HELGI:

Gísli, Eiríkur, Helgi, hann vill ekki drekka rjómann hér á Bakka; drekki hann þá hland.

(BISKUP OG AÐSTOÐARPRESTUR móðgast og strunsa út.)

(GÍSLI setur koppinn undir rúmið.)

SÖGUMAÐUR 4:

Þeim Bakkabræðrum hafði verið sagt að það væri ósköp hollt fyrir þá að fara endrum og sinnum í heitar fótlaugar. En af því jafnan var lítið um eldivið hjá þeim tímdu þeir ekki að hita vatn til þess.

(BRÆÐURNIR koma að laug (bali með þrem kollum í kring). Þeir setjast í kringum laugina, fara úr skóm og sokkum og stinga fótunum ofan í.)

SÖGUMAÐUR 5:

Einu sinni vildi svo vel til að þeir hittu rákust á laug eða hver á ferð sinni. Nú hugsuðu þeir sér gott til glóðarinnar að þeir skyldu fá sér heitar fótlaugar fyrir ekki neitt, tóku því af sér skó og sokka og settust hver hjá öðrum í kringum hverinn og höfðu fæturna ofan í.

SÖGUMAÐUR 6:

Þegar þeir fóru að gæta að þekkti enginn þeirra sína fætur frá hinna. Bræðurnir voru alveg ráðþrota. Þeir þorðu ekki að hreyfa sig því þeir vissu ekki nema þeir kynnu að ruglast og taka hver annars fætur og sátu svona þangað til þar bar að ferðamann.

GÍSLI (*kallar á manninn*): Góði maður, getur þú komið og hjálpað okkur. Viltu hjálpa okkur að þekkja í sundur á okkur fæturna. Við vitum ekki hver á hvaða fót.

EIRÍKUR:

Góði maður, getur þú komið og hjálpað okkur. Við vitum ekki hver á hvaða fót.

HELGI:

Góði maður, getur þú komið og hjálpað okkur. Við vitum ekki hver á hvaða fót.

MAÐUR:

Alveg sjálfsagt. (*Hann kemur til þeirra, lemur í fót GÍSLA. Gísli emjar og stekkur á fætur. Hann danglar svo í fætur EIRÍKS og HELGA. Þeir stökkva einnig á fætur með látum.*)

SÖGUMAÐUR 1:

Bakkabræður fóru einu sinni sem oftast út á sjó til að veiða fisk.

(Bræðurnir fara upp í bát og róa af stað.)

SÖGUMAÐUR:

Poka skall á og áttu þeir erfitt með að rata að landi. Kom þá máfur fljúgandi og sveimaði í kringum bátinn.



GÍSLI:

Fuglinn flýgur að landi, við skulum elta hann. (*EIRÍKUR OG HELGI segja það sama.*)

SÖGUMAÐUR 2:

Þeir reru á eftir fuglinum. Hefur ekkert síðan til þeirra spurst.

ENDIR